

Jósefina Meulengracht Dietrich

Úrvalsljóð

Úrvalsljóð

Meulengracht Verlag

Akranes, Berlín, Alexandría

© Jósefina Meulengracht Dietrich, 2017

I. kapítuli: Jósefinan sjálf

Ég er skáldið Jósefin
ég skal á þig ljóða
hlýddu nú á hljóðin mín
hlynur Rínar glóða.

Galdur kann ég, geira syn,
– gnauða él og vindur hvín –
menja gná við mækis hlyn
malar vísukornin sín.

Í feld sinn kollinn hváta lætur,
kúrir bæði dag'og nætur,
ætla sér sko ekk'á fætur,
úti regnið grætur.

Á víðu hafi veiðihárin vindar greiða
út á bát með rá og reiða,
rösk að veiða
ýsuna og aðra fiska aflaklóin,
ætla mér og er því róin
út á sjóinn.

II. kapítuli: Sálmar og andleg speki

Jólakalkún, jólanaut
jólamjólk í krúsina,
jólaostinn, jólagraut,
jólareð og músina.

Jól eru fegurst og undursamlegust af öllu.
Upp mun úr pottunum tekið og sett á minn disk,
því innan skamms byrjar kappát í koti og höllu.
Kisur fá rjómalús, steikur og nýsoðinn fisk.

Aldan finnst mér eins og heldur illa láti
ofurlítill ein á báti.

Úthaf milli endalausra eyðisanda
heilu fleyi fæstir landa.

Mala dús við máttarvöldin
– murrar blús í golunni –
þar í súss á sumarkvöldin
sat hjá músarholunni.

Ég veit að bak við tímans tjald
er tún og engi þakið blómum
því minn hugur hefur vald
á heimsins mestu leyndardómum.

III. kapítuli: Skáldagáfan

Nú er rófan öll á iði,
orðum sóar Jósefin,
bergir nóg af boðnar miði
blessuð móins beðjalín.

Lapið tungu langri vís
– ljóðin syng um vanginn keik –
happa fenginn hanga týs
hef ég löngum spangar eik.

IV. kapítuli: Matvæli

Mett er ég og mjálma fagurt matarkvæði
enda fékk ég alveg glás
af ofboðslega góðri krás.

Það var soðinn þorskurinn og það var líka
mjólkursopi í minni skál
– mala ég af lífi og sál.

„Mjög er hljótt í söngva sæti“
sorgir mæða líf og önd
– fagrar steikur, fiðrað æti
farið burt í önnur lönd.

V. kapítuli: Rammpólitísk ljóð

Ef að nú í kosningum fylgi nóg ég fengi
fjarskalega ánægð og glöð ég yrði þá.

Ég mala skyldi og kjósendur knúsa vel og lengi
og kaupa síðan allt sem þá langar til að fá.

Skolli finnst mér skynsamlegt að skjóta í fótinn
á sér – kveð ég eikin spanga –
ef menn vilja haltir ganga.

Sauðfjárnætur mikils met
og malandi þeim lofgjörð færi
enda þurfa kisur ket,
kótelettur, hrygg og læri.

Þegar Villi kyssir Kötú
klappa saman lófunum
allir Bretar úti'á götu
eða dilla rófunum.

*Ort 29. apríl 2011
þegar sjónvarpað
var frá athöfn í
Westminster Abbey.*

Ég er glöð og góðum Degi
gef ég þetta heillaráð
að hann láti ekki í bráð
finna sig á förnum vegi.

*Hugsað suður yfir
flóann.*

Dyndilmenni dásama
að dauður er hann Ósama
en mér stendur ásama
og ætla að fá mér dósama
t.

*Ort 2. maí
2011.*

Greppi- hrín nú Trump með -trýni
trylltur brýnir sig og hvín
-legri svíni líst ei frýni-
ljótt mér sýnist þetta grín.

*Ort í lok
október
2016.*

Út af því er engin skepna óttalaus
hvernig fjandans kaninn kaus.

*Ort 8.
nóvember
2016.*

Ótal merki á æðstu högna ítök minna
og lyktina má lengi finna.

Loksins hefur landið stjórn sem lifað getur
alveg hreint í allan vetur.

Ort í lok nóvember 2017.

Þetta er mesta fökkings fökk og ferlegt er það
hvernig allt hér er að verða.

Stundum fellir öldin illa dóma
eins og gengur,
en Sigmundur er vinur vors og blóma
og vænsti drengur.

Sigmundur í sjónvarpinu sæll og glaður
er og bæði augun ljóma
eins og köttur fáir rjóma.

Oft er leikið ansi grátt við okkur Sigmund.
Hann er með kryppu út af því
og allt hans gengi fyrir bí.

En ég er ekkert ýkja stressuð yfir þessu,
enda jafnan æðrulaus
og ekki með neitt bannsett raus.

Ég sagði við Sigmund um daginn,
og sólskinið ljómaði um bæinn,
„mjá-mjá, mjá-mjá-mjá, mjá“
og hann malaði þá
svo blíðlega blessaður gæinn.

Býst ég við að breyta þurfi bæjarnafni
ef báðir fara á Bessastaði
brátt í Tveggja-fressastaði.

*Þegar Davíð og Ólafur
ætlðu báðir á Bessa-
staði og svo um Erdogan.*

Engir fá að ráðskast með hans reytur,
á ríki sínu hefur jafnan gætur,
svo á karlinn þessar góðu geitur
og geymir þær í rúmi sínu um nætur.

VI. kapítuli: Mannfólk

Mannfólkið er merkilegt og mesta furða
hvað upp úr því sem stríður straumur
stendur mikill orðaflaumur.

Talmál flestum tekst að læra á tveimur árum
en furðulegt er frá að segja
hvað fáir geta lært að þegja.

Kettir hafa kló á tá en karlar bara
daga og nætur nöldra og kýta
með neglur sem að lítið bíta.

Gunnar Nelson, geysimikill garpur er'ann,
sem köttur mýslu margan fer'ann
með og jafnar um og ber'ann.

VII. kapítuli: Söguljóð

Úlfhildur fiskifluga
var ferleg og gríðarstór.
Fólk vissi ekki hvaðan hún kom
eða hvert hún fór.

Hún flögraði og fætturnir löngu
fálmuðu allir sex
og tennurnar voru eins og tennur
í tyrannosaurusi rex.

Hún sveimaði geðvond og soltin
og suðandi illum róm,
fólk hámaði í sig með húð og
með hári og buxum og skóm.

En ég er hún Jósefina
og ég hef með lipurri kló
á vísitá vinstri fótar
veitt hana svo að hún dó.

VIII. kapítuli: Erfiljóð og harmagrátur

Tinkerbelle er týnd og glötuð tíkarskarnið
og París gætur, blessað barnið.

Ég er líka ósköp hnuggin út af þessu,
með yfirbragði ekki hressu,
og fyrri met í mjálmi sætu og miklum sjarma
slæ því dauðan hund ég harma.

Til er á köttum kló sem ekki er brýnd,
kannski er nú bóseindin mín týnd.
Eins eru mýs sem ekki'er hægt að ná,
og ótal krásir engir munnar fá,
og tágörnn hró sem tapa allri vigt,
og trýni sem'ei finnur nokkra lykt,
og einnig tönn sem aldrei bitur neitt
og enginn getur sumar flugur veitt.

„Hve tigin þessi mildu, mjúku snið!“
Um mjólkurskál ég yrki sorgarljóð.

Í eldhúsi við aldarpungan nið
úr þér lapti gult og tigið fljóð.

Þú horfin ert í myrkan grafargeim

því geng ég þungum sporum mædd og hljóð

þú aldrei framar sefar sorg og mein

samt flyt ég núna hér svo undurgóð

það mal sem varðar mestu þennan heim

að mjólk er næstum ótrúlega góð.

*Ort þegar
það braut
mjólkur-
skálina
mína.*

Ljóða- döpur strýk ég strenginn
streyma tár af þessum fjanda,
enda neitar næstum enginn
að nú er hnípin þjóð í vanda.

*Sorglegt
ljóð sem ég
kvað þegar
Ólafur
hætti.*

IX. kapítuli: Vond dýr og vígaferli

Orðið voff sem vitað er
að vondir hundar kunni
af öllum ljótum orðum fer
einna verst í munni.

Gengur hrund á Hrana-fund
hress á grund um morgunstund
vegur sprundið létt í lund
lýstur sundur margan hund.

Tíkur, hunda, sussum svei,
sumir vini kalla.
Slíkur bragur, fussum fei,
fólki sæmir varla.

Nú er kreppa og eymdarár
illa vært í landi
úfinn jökull öskugrár
„eldi spýr og sandi“
með ýlfri ljótu úti stár
óláns-tíkarfjandi
um allar jarðir ógn og fár
eiga hund í bandi.

X. kapítuli: Veðurfar

Flest er í skjólin nú fokið,
fjandakorn mér allri lokið.
Eins og illilegt hvæs
úti í hraglanda blæs
ekkisens endemis rokið.

Út um gluggann áðan fór
og undrum miklum sætti
að datt úr lofti dropi stór
með dularfullum hætti.

„Lifs um angurs víðan vang“
voða blautt er þessa daga
og veðurspáin virðist lang-
versta heimsins raunasaga.

Brýnir vetur kulda klær
kveður rómi dimmum.
Sýnir tennur alveg ær
uppí kjafti grimmum.

Mjalla sjáum voldug verk
vetrar undur litum.
Fallu kornin sínum serk
sveipa landið hvítum.

XI. kapítuli: Dróttkvæði

Gott er mjög og mettar
mjólk hjá góðu fólki
langri að lepja tungu
lúra síðan dúr og
ljúfa láta rófu
langa undir vanga
mala svo og mæla
máttugum í háttum.

XII kapítuli: Endurvinnsla

Staka fæðist ein og ein,
auma huggað best það fær,
litla skáld á grænni grein,
grettir sig og bara hlær.¹

¹ Hér hef ég fengið fjögur vísuorð að láni frá öðrum skáldum.